

49. fundur sveitarstjórnar Fljótsdalshrepps, Végarði 02.04 2013, kl. 13.30

Mættir voru allir aðalmenn sveitarstjórnar , Anna Jóna Árnarsdóttir, Þorvarður Ingimarsson, Jóhann F. Þórhallsson , Lárus Heiðarsson og Gunnþórunn Ingólfssdóttir.

Oddviti setti fund kl. 13.45.

Dagskrá

1. Skýrsla oddvita
2. Kjörskrá vegna alþingiskosninga 27.apríl
3. Fjallaskarðsskáli
4. Laugarfellsskáli
5. Minjasafn Austurlands, samstarfssamningur
6. Félagsþjónusta
Sérstakar húsléigubætur
7. Bréf
 - a) Vatnajökulsþjóðgarður, Þórður Ólafsson fr.kv.stj. 25.03
 - b) Gróðrarstöðin Barri ehf 26.03
 - c) Lánasjóður sveitarfélaga ohf. 26.03
 - d) Húsfélag Miðvangi 6, ódags.
8. Umhverfisstyrkir
Hallgrímur Þórhallsson og Anna Bryndís Tryggvadóttir, Brekku
9. Fjarbeiðnir
 - a) Þroskahjálpi á Austurlandi/ List án landamæra
 - b) Íþróttafélagið Huginn á Seyðisfirði
10. Fundargerðir
 - a) Dvalarheimili aldraðra 20.03, ásamt ársreikningi 2012
 - b) Skólanefnd Hallormsstaðaskóla 30.01 og 13.03
 - c) Búfjáreftilitsnefnd 17.12 2012
 - d) Verkefna-og rannsóknasjóður 22.03
 - e) Minjasafn Austurlands 14.03, ásamt ársskýrslu 2012 , ársreikningi 2012 og starfsstefnu 2013-2017
 - f) Atvinnuþróunarsjóður Austurlands 07.03, ásamt fylgigögnum er varða framtíð sjóðsins
 - g) Landbótasjóður Fljótsdalshrepps 06.03
 - h) Framkvæmdaráð Skólaskrifstofu Austurlands 12.03
 - i) Áætlunarferðir í Fljótsdal , samstarfshópur 07.03 201
 - j) HAUST 20.03

11. Önnur mál

1. Skýrsla oddvita.

Oddviti hefur verið nokkuð fjarverandi frá skrifstofu Fljótsdalshrepps undanfarið ,vegna vinnu í starfshóp Umhverfisráðuneytisins um stjórnarfyrikomulag Vatnajökulsþjóðgarð. Nú liggur fyrir að skil starfshópsins dragast eitthvað fram í apríl, en áður var stefnt að því að ljúka vinnunni fyrir 1. apríl

Oddviti og lögmaður sveitarfélagsins áttu fund í Forsætisráðuneytinu vegna þjóðlendumála 15. mars og sama dag með forsvarsmönnum Landsnets til undirskriftar yfirlýsingar um uppgjör eldri fasteignaskattsmála.

14. mars átti oddviti fund í Kópavogi með Landmótun um endurskoðun aðalskipulags. Þar var farið yfir drög að tillögu að greinagerð skipulagsins. Óljóst er hvort næst að kynna drögin á íbúafundi í aprílmánuði, eða hvort það bíður fram í júnímánuð.

Ráðgjafaþjónustan R3 býður sveitarfélögum ráðgjöf.

Hvorki oddviti né varaoddviti höfðu tök á að sitja Landsþing sveitarfélaga og aðalfund Lánasjóðs sveitarfélaga í Reykjavík 15. mars.

Starfsmenn Austurfarar ehf hafa tekið að sér eitt verkefni er varðar vinnu við hönnun og skipulag Hengifossvæðis. Leitað var til Austurbrúar ses varðandi þá vinnu, en engin svör bárust um hvort verkefnið fengi þar framgang og því var leitað til Austurfarar.

Skipulagsstofnun boðar til samráðsfundar Skipulagsstofnunar, Sambands íslenskra sveitarfélaga og sveitarfélaga, fundurinn verður haldinn í Reykjavík 11. -12. Apríl.

Landsvirkjun hefur sent sveitarfélaginu skýrslurnar : LV-2013-039 Gróðurstyrking við Háslón og á Hraunasvæði og LV-2013-040 Hávellur á Lagarfljóti og vötnum á Fljótsdalsheiði árið 2013.

2. **Kjörskrá vegna alþingiskosninga 27.apríl.** Kjörskrá hefur ekki borist frá Þjóðskrá, oddvita falið að yfirfara hana þegar hún berst og leggja hana fram fyrir framlagningardag, 17.apríl.
3. **Fjallaskarðsskáli.** Farið yfir tillögur að herbergjaskipan í skálanum, ákveðið að hafa tvö svefnrými, eitt minna rými við hlið snyrtinga og svo hitt stærra. Húsið er nú fokhelt og er byggt í tveimur einingum til þess að auðvelda flutning.
4. **Laugarfellsskáli.** Rekstraraðilar óska eftir ákveðnum úrbótum á skálanum er varðar aðstöðu í eldhúsi og þvottaaðstöðu. Verður skoðað sameiginlega.
5. **Minjasafn Austurlands, samstarfssamningur.** Kynnt drög að nýjum samningi. Framlög aðildarsveitarfélaga er skipt niður skv íbúafjölda og skatttekjum. Oddvita falið að undirrita nýjan samning.
6. **Félagsþjónusta**
Sérstakar húsaleigubætur. Uppfærðar reglur um sérstakar húsaleigubætur. Samþykktar.
7. **Bréf**
 - e) Vatnajökulspjóðgarður, Þórður Ólafsson fr.kv.stj. 25.03. Beðið er um að tillaga að breytingum á Stjórnar- og verndaráætlun Vatnajökulspjóðgarðs liggi frammi á skrifstofu Fljótsdalshrepps frá 27.mars til 10.maí þannig að þeir sem eiga hagsmuna að gæta og aðrir sem áhuga hafa, geta kynnt sér tillögugögnin.
 - f) Gróðrarstöðin Barri ehf 26.03. Aðalfundur fyrir rekstrarárið 2012 verður haldinn á Valgerðarstöðum 4 Fellabæ þriðjudaginn 16.apríl kl 20.00. Jóhanni Fr. er falið að fara með umboð Fljótsdalshrepps á fundinn.

- g) Lánasjóður sveitarfélaga ohf. 26.03. Lánasjóður sveitarfélaga greiðir arð til hluthafa, hlutur Fljótsdalshrepps er 0.027% kr. 110.160-
- h) Húsfélag Miðvangi 6, ódags. Aðalfundur fyrir 2012 verður haldinn í Hlymsdölum (Miðvangi 6) miðvikudaginn 10.apríl kl 13.00. Oddviti verður fulltrúi sveitarfélagsins á fundinum, Anna Jóna Árnarsdóttir til vara.

Jóhann Fr. vék af fundi.

8. Umhverfisstyrkir

Hallgrímur Þórhallsson og Anna Bryndís Tryggvadóttir, Brekku. Samþykktur hámarksstyrkur og oddviti falið að kalla eftir kostnaðaráætlun fyrirhugaðra framkvæmda og nánari lýsingu.

Jóhann Fr. kom aftur til fundar.

9. Fjárbeiðnir

- a) Þroskahjálpi á Austurlandi/ List án landamæra. Samþykkt að styrkja málefnið um kr. 20.000-
- b) Íþróttafélagið Huginn á Seyðisfirði. Samþykkt að styrkja félagið um kr. 12.000- vegna útgáfu 100 ára afmælisrits.

10. Fundargerðir

- a) Dvalarheimili aldraðra 20.03, ásamt ársreikningi 2012. Kynnt.
- b) Skólanefnd Hallormsstaðaskóla 30.01 og 13.03. Kynntar.
- c) Búfjáreftirlitsnefnd 17.12 2012. Kynnt.
- d) Verkefna-og rannsóknasjóður 22.03. Kynnt.
- e) Minjasafn Austurlands 14.03, ásamt ársskýrslu 2012 , ársreikningi 2012 og starfsstefnu 2013-2017. Kynnt.
- f) Atvinnuþróunarsjóður Austurlands 07.03, ásamt fylgigögnum er varða framtíð sjóðsins. Kynnt.
- g) Landbótasjóður Fljótsdalshrepps 06.03. Kynnt.
- h) Framkvæmdaráð Skólaskrifstofu Austurlands 12.03. Kynnt.
- i) Áætlunarferðir í Fljótsdal , samstarfshópur 07.03 2013. Kynnt. Fallið hefur verið frá að halda áfram með áætlunarferðir í sumar.
- j) HAUST 20.03. Kynnt.

11. Önnur mál. Kannaður verður áhugi unglinga (13-15 ára) á vinnuskóla fyrir sumarið og auglýst verður eftir verkstjóra.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 18.00

Þorvarður ritaði fundargerð í tölvu

Gunnþórunn Ingólfssdóttir (sign)

Anna Jóna Árnarsdóttir (sign)

Þorvarður Ingimarsson (sign)

Jóhann F. Þórhallsson (sign)

Lárus Heiðarsson (sign)